

Grikkir hafa lagt fram umbótatillögur -sérfræðingar ræða þær um helgina

Eftir Styrmi Gunnarsson

Grísk stjórnvöld lögðu lokahönd á umbótatillögur sínar í gær, þ.e.tillögur, sem eiga að greiða fyrir frekari greiðslum til þeirra frá lánardrottnum. Í dag,laugardag, setjast sérfræðingar frá báðum aðilum yfir þessar tillögur, fjalla um þær um helgina og undirbúa tillögur til fjármálaráðherra evruríkjanna um viðbrögð.

Meðal boðaðra umbótaaðgerða Grikkja eru hugmyndir um sérstakan lúxus-skatt, sérstakan skatt á áfengi og sérstakar aðgerðir gegn skattsvikum. Þá er gert ráð fyrir að innheimta leyfisgjald fyrir útvarps- og sjónvarpsstarfsemi og að beintengja sjóðsvélar smásöluverzlana, veitingahúsa og bara við fjármálaráðuneytið.

Frá þessu segir gríski vefmiðillinn, ekathimerini, sem segir jafnframt að væntingar lánardrottna séu ekki miklar, það hafi lítið gerzt hjá Grikkjum undanfarna daga og í þeirra hópi virðist vera skoðanamunur.